

AUGLÝSING

um deiliskipulag Neseyrar, Fjarðabyggð.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 27. maí 2014 deiliskipulag Neseyrar.

Deiliskipulagið afmarkast af íbúðar- og þjónustusvæði neðan Nesgötu milli Nesgötu 4 og 34 og felur meðal annars í sér að gert er ráð fyrir átta deilda leikskóla við Nesgötu 14 og að iðnaðarstarfsemi við Eyrargötu sé víkjandi.

Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, 20. júní 2014,

Páll Björgvin Guðmundsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 8. júlí 2014